



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Egilsstöðum, 1. mars, 2016

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs, 131. mál.

Skógrækt ríkisins fagnar framkominni þingsályktunartillögu þó með því fororði að skógrækt verði ekki afskipt eins og tillagan hljóðar nú. Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með skógræktarmálum á Íslandi auk þess sem stofnunin ber ábyrgð á loftslagsbókhaldi skóglenda og skógræktar í landsbókhaldi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Þessu má sjá stað í árlegum skýrslum Íslands til skrifstofu Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Skóglendi, skógrækt og úrvinnsla viðarafurða skipta miklu máli í bókhaldi gróðurhúsalofttegunda og hafa því stóru hlutverki að gegna við að minnka nettó losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum á Íslandi. Það kemur því ekki á óvart að allt frá því að loftslagsmál komust í almenna umræðu á síðustu árum liðinnar hefur skógrækt verið ein af mikilvægustu leiðum við að minnka nettó losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hér á landi. Hér verður einungis bent á nýjustu áherslur Umhverfissráðuneytisins sem birtast í Sóknaráætlun í loftslagsmálum. Þar er skógrækt ásamt landgræðslu og endurheimt votlendis meðal fimm meginverkefnum Íslands til að minnka nettólosun um 40% árið 2030. Í þessu ljósi veður það að teljast undarlegt ef Skógrækt ríkisins verður ekki með fulltrúa í téðu loftslagsráði.

Fjölmennustu umhverfissamtök á Íslandi er Skógræktarfélag Íslands, regnhlífarsamtök skógræktarfélaganna sem alls eru 58 talsins með samtals 6.948 meðlimi. Þessi samtök eru mun stærri og öflugri en þau tvö frjálsu félagasamtök sem boðin er þátttaka í loftslagsráði. Það hlýtur því að liggja beint við að Skógræktarfélag Íslands eigi fulltrúa í loftslagsráði eins og Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands.

Þrátt fyrir að binding koldíoxíðs með skógrækt og landgræðslu sé ein af megináðgerðum hér á landi í loftslagsmálum þykir það furðum sæta að ekki minnst einu orði á þennan þátt í hvorki tillögu til þingsályktunar né í meðfylgjandi greinagerð. Úr því þarf að sjálfsögðu að bæta.

Virðingarfyllt

Þröstur Eysteinnsson
Skógræktarstjóri